



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. gudrunm@myv.is

Fundargerð Skólanefnd

9.fundur

Skólanefndarfundur haldinn í Reykjahlíðarskóla 5. des. kl 15:30

Mætt voru: Þuríður Helgadóttir formaður og ritari, Eyþór Pétursson, Þórhalla Valgeirsdóttir, Sigurður Böðvarsson Ásta Price og Sigríður Sigmundsdóttir fulltrúi foreldra. Sólveig Jónsdóttir skólastjóri Reykjahlíðarskóla og Auður Jónsdóttir fulltrúi kennara sátu fyrrihluta fundar. Þóra Ottósdóttir leikskólastjóri sat seinni hluta fundar.

1. Fundarsetning.

2. a) Vetrarstarfið.

Sólveig fór yfir dagskrá vetrarins. Árið hefur byrjað vel og þeir viðburðir sem verið hafa verið til sóma. Meðal annars sagði hún frá degi eineltis sem tókst vel en á þeim degi var unnið með hugmyndir nemenda. Myndir frá þessum atburðum eru komnir inn á heimasíðu.

b) Samræmd könnunarpróf.

Sólveig fór yfir niðurstöður úr samræmdum prófum frá í haust hjá 4., 7. og 10.bekk. Allir bekkir komu vel út og eru á eða yfir landsmeðaltali. Einnig sagði hún frá niðurstöðum síðustu 5 ára. Í íslensku er Reykjahlíðarskóli þriðji efstur í 4. bekk og annar efstur í 7. bekk af öllum skólum á landinu.

Út frá umræðu segir Sólveig frá könnun sem gerð var í október um líðan nemenda í skólanum. Undanfarin ár hefur þetta verið gert á vegum Olweusar verkefnisins en ákveðið var að taka ekki þátt í því verkefni í vetur heldur vinna þetta meira í skólanum sjálfum. Gert er ráð fyrir annarri könnun eftir áramót.

c) Ný aðalnámskrá sem gefin var út í vor.

Gefin eru þrjú ár til að taka hana að fullu í gildi. Þó nokkrar beytingar eru og má þar nefna t.d. námsmatskaflann. Leiðbeiningarhefti með aðalnámskránni eru ekki komin út. Sjá má aðalnámskrána inni í www.menntamalaraduneytid.is.

d) Kynning á reglugerð nr.1040/2011

– tekur á ábyrgð og skyldum þeirra sem koma að skólasamfélaginu m.a. nemenda, foreldra og starfsmanna. Skólaþjónustan hefur ráðið til sín námsráðgjafa og kemur hann einu sinni í mánuði í skólann.

3. Leikskólinn Ylur

a) Ekki er búið að ganga frá neinu á leikvellingum vegna snjóá og kulda. Steipa þarf kant áður en lengra er haldið en kuldi hamlar því.

b) Í vetur er 17 börn sem gera 23 barnagildi og þrjár umsóknir liggja inni. Starfsmenn eru sex og allir í hlutastörfum. Reiknað er með því að tvö börn komi inn eftir áramót. Gerð var könnun um sumarleyfistíma barna í leikskólanum í fyrra vor. Ekki voru afgerandi niðurstöður úr þeirri könnun og þátttakan innan við helming. Skólanefnd mælist til þess að sveitarstjórn taki ákvörðun um sumaropnun leikskólans Yls sem fyrst til þess að leikskólastjóri og foreldrar geti skipulagt sumarið.

4. Önnur mál

Umræða um neikvæða umræðu um háar fjárhæðir vegna viðbyggingar við leikskólann. Leikskólastjóri sagði frá því að samkvæmt upplýsingum frá sveitastjóra væri húsið innan þeirra fjárhæðar sem ætlað hafi verið til framkvæmdarinnar. Skólanefnd gerir ekki athugasemd við það að Skútustaðahreppur bjóði Mennta-og menningarmálaráðuneytinu leik-og grunnskóla sveitafélagsins til úttektar á vormisseri 2012.

Fleira ekki bókað.

Puríður Helgadóttir
Eyþór Pétursson
Þórhalla Valgeirsdóttir
Sigurður Böðvarsson
Ásta Price.